

Aukakirkjuþing 2021

1. mál - þskj. 1

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. (Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

#### Greinargerð.

Þann 1. júní sl. var undirritaður kjarasamningur Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Í starfsreglum um um kjaranefnd kirkjunnar segir að kjaranefnd kirkjunnar hafi óskorað umboð til að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar. Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings. Samningur þessi kemur í stað ákvörðunar kjararáðs um kjör presta frá 17. desember 2017 og gildir frá 1. mars 2021 til 31. mars 2023, en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Kjarasamningurinn ásamt bókunum og fylgiskjölum var borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur.

Mánaðarlaun hvers prests hækka nú um ca. 34 þúsund að meðaltali (sjá fskj.) en síðan hækka launin um 3% 1. apríl 2022.